



**Ávarp  
forseta Íslands  
Guðna Th. Jóhannessonar  
við hátíðarguðsþjónustu  
í Fríkirkjunni í Reykjavík  
í tilefni af 120 ára afmæli hennar,  
17. nóvember 2019**

Frelsi og agi. Trú og efi. Hvað skal ráða? Einstaklingur og samfélag. Þjóð og kirkja. Liðin tíð og nútími. Já, hvað skal ráða í heimi hér? Hentar okkur ekki oft að finna bara og fallast á skýr svör? Er það jafnvel nauðsynlegt í flókinni veröld að draga skýrar línur, einfalda líf okkar?

Vissulega virðast kostir þess augljósir við fyrstu sýn. Við skulum taka sem dæmi upphaf kristni á Íslandi. Einfalda frásögnin er vafningalaus. Kristinn siður var lögfestur á Þingvöllum árið þúsund. „Við skulum hafa einn sið og ein lög,“ sagði Þorgeir Ljósveitningagoði. Málið var leyst. En að sjálfsögðu vita allir, sem kynna sér þessa sögu að ráði, að hún var ögn flóknari. Aðdragandinn var allnokkur, áfram mátti líka blóta á laun og draga má í efa að sagnaritarar seinni alda hafi getað skráð rás viðburða alveg eins og þeim vatt fram í raun.

Sé svo enn betur að gáð birtist enn flóknari framvinda. Fornleifar frá fyrstu öldum Íslandsbyggðar benda til að hér hafi annars vegar verið torfkirkjur eins og þekktist á Írlandi og í Skotlandi og hins vegar guðshús úr timbri eftir norrænu og engilsaxnesku lagi. Og kristin trú efldist á mismunandi vegu, smám saman undir áhrifum héðan og þaðan, en líka með beinskeyttu trúboði.

Í stað hinnar ótvíræðu frásagnar kemur snúnari veruleiki, háður ýmsum heimildum, gagnrýni og ályktunum. Í ofanálag sýndi Ólafía Einarsdóttir fornleifafræðingur fram á það um miðja síðustu öld að atburðurinn á Alþingi, kristni lögtekin, hafi örugglega átt sér stað árið 999 en ekki ári síðar. En ártalið þúsund hljómar bara miklu betur.

Hvað svo með boðskapinn sjálfan? Kristin trú snýst um mannúð og kærleik, vernd hinni minni máttar gegn ofríki valdsins, gjafmildi frekar en sérplægni, að setja sig í spor annarra. Þannig var nauðþurftum útdeilt við stórhátíðir, um jól, páska og á postulamessum. Ugglaustr er það því rétt sem Vilborg Auður Ísleifsdóttir sagnfræðingur skrifaði nýlega, að „[i]nnræting kristilegra lífsgilda í mörg hundruð ár, ekki hvað síst ölmusugæða, [hafi] án efa átt þátt í að móta samfélagið í mannúðarátt.“ Þeirrar þróunar gætti víst áfram eftir siðaskipti; þá voru bónbjargir lögfestar og fátækraúnd áfram í gildi.

Sífelld var fólki líka bent á að syndir og brestir brytu gegn vilja guðs. Hvað orti ekki séra Hallgrímur í Passíusálmunum, því verki sem oftast hefur verið prentað á Íslandi:

Undirrót allra lasta  
ágirndin kölluð er.  
Frómleik frá sér kasta  
fjárplógsmenn ágjarnir,  
sem freklega elska féð.  
Auði með okri safna,  
andlegri blessun hafna,  
en setja sál í veð.

Svo mælti sálmaskáldið. Um leið var fólki uppálagt að stilla skap sitt, forðast dómhörku, allt frá unga aldri. Í barnaljóðum sínum frá miðri átjándu öld orti séra Vigfús Jónsson:

Ofsa og reiði  
áttu að forðast.  
Orðsök er það  
til yfirsjórnar.  
Á þeim voða  
ætla eg margir  
skaðlegt hafi  
skipbrot liðið.

Og hver voru viðurlögin, væri ekki farið að guðsorði og góðum siðum? Fyrstu aldirnar sögðu lög í þessu landi að kynni maður ekki Paster Noster og Credo, faðirvorið og trúarjátningu, biði bara fjörbaugsgarður, þriggja ára útleigð. Valdhafar milduðust nú eitthvað í þeim efnunum en áfram ríkti þó harkan sex, öldum saman. Guðsótti er gagnsætt orð.

Í árána rás varð kirkjan á Íslandi valdastofnun, ríki í ríkinu, sölsaði undir sig land í miklum mæli og var þá fráleitt farið eftir frelsarans boði. Fólk gaf einnig jarðir og ríkidæmi til bjargar sálu sinni enda hyrfu fordæmdir rակleiddis í neðra en himnaríki biði hinna hólþnu.

Trú og vald tengdust órofa böndum, ríki og kirkja sömuleiðis. Taumhald skyldi haft á lýðnum – ofan úr predikunarstólnum, svipuðum þeim sem ég stend núna í. Fáir lýstu því hlutverki betur en Jón biskup Vídalín. Í einni sinna mergjuðu stólræðna sagði meistari Jón: „Næst heilögu guðs orði og öllum þeim andlegu velgjörningum sem oss í því boðaðir eru, þá er lagarétturinn hið mesta Guðs ástarmerki til vor syndugra manna. Án hans getur veröldin ekki staðist ... [og í] einu orði að segja: Það sem skipið er fyrir utan stýri, það sem einn galinn hestur er fyrir utan beisli, og það sem manneskjan er fyrir utan rænuna, það er veröldin fyrir utan lögin og þá sem lögunum stjórna eiga.“

En smám saman losnaði um tauminn. Trúfrelsi var leitt í lög upp úr miðri nítjándu öld og næstu áratugi jukust mannréttindi á mörgum sviðum samfélagsins. Áfram var þó verk að vinna og á sama tíma voru þeir til sem kvörtuðu undan upplausn og skrílsbrag, þeirra á meðal margir embættismenn og ýmsir kirkjunnar þjónar.

Ágætu áheyrendur: Það var í þessu andrúmslofti að Fríkirkjan í Reykjavík var stofnuð, fyrir réttum 120 árum. Hún varð skjól þeirra sem vildu iðka sína kristnu trú en utan hinnar evangelísku lútersku þjóðkirkju. Fljótt varð hún vinsæl. Vísast gekk á ýmsu í tímans rás en sem við erum hér komin saman í dag má með sanni segja að Fríkirkjan sé trú þeirri köllun sinni að taka öllum opnum örmum sem vilja trúa og lifa í frelsisanda. Sömuleiðis hefur listafólk átt hér vísan stað og minnst ég indælla tónleika í þessu hlýlega guðshúsi. Hér má vera alls konar og einhvern veginn, svona og hinsegin. Hér heyrst rödd friðar og fordómaleysis, rödd réttlætis og víðsýni.

Blessunarlega heyrast þannig raddir víða í kirkjum landsins. Það gildir á Bessastöðum, um það get ég borið vitni. Sjálfur var ég reyndar skírður til kaþólskrar trúar, sótti messu á unga aldri í Landakoti og man þá tíð þegar þjónustugerðin var sungin á latínu, man ekki síst hinn forkunnarfagra kórsöng í Kyrie, miskunnarbæninni. Og þegar presturinn sagði mea culpa, mea culpa, mea maxima culpa (mín sök, mín sök, mín mikla sök) var lítið eftir af guðsþjónustunni eins og greyptist í barnsminnið. Á fullorðinsárum hvarf ég hins vegar úr kaþólskum söfnuði og leyfi mér að nefna að þá hugsaði ég aðeins um að halda í staðinn í fríkirkjusöfnuð, enda er maður ekki trúlaus þótt trúfélagið vanti.

Í öflugum samfélagi tuttugustu og fyrstu aldar er trúfrelsi algert – en svo eru landslög, öllum trúarbrögðum æðri. Við höfum ein lög en marga siði. Því tímarnir breytast og mennirnir með. Þeim fjölgar sífellt sem standa utan þjóðkirkjunnar. Sumir eru í öðrum kristnum trúfélögum, aðrir játa annan sið eða alls engan. Já, frelsi og agi, þjóð og kirkja. Vel má vera að beint samband þjóðkirkju og ríkisvalds dvíni enn þegar fram í sækir, að leiðir skilji jafnvel alveg eins og ráðherra trúmála taldi nýlega auðsýnt. Hver veit nema það yrði þjóðkirkjunni einmitt til góðs?

En viljum við algeran aðskilnað sögu og samtíma, aðskilnað hefða og nýmæla? Hér mælir best hver fyrir sig og ekki má þröngva trú og venju upp á þá sem vilja lítið með slíkt gera eða hafa á því ímugust.

Á hinn bóginn er okkar menningararfur nátengdur kristnum sið í aldanna rás. Senn verða haldin hér heilög jól, að ævafornum sið, hér í þessu landi og hér í þessari kirkju. Aðrar gleðistundir bíða ætíð, kornabörn skírð, ungmenni fermd, hjónaleysi gefin saman. Hér mun fólk líka mætast í söknuði og sorg. Þá vilja svo mörg okkar að hann heyri, himnasmiður. Þannig ómar niður aldanna og megi svo vera um ókomna tíð um leið og ferskir hljómar bætast ætíð við í lífsins hörpu.